

Alþingi

Alþingi Íslendinga,
Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Efnd nr. B117 / 1983

komudagur 28/3 1984

Umsögn: Lög um váttryggingastarfsemi.

Lög þessi varða stöðu og samskipti aðila tryggingamarkaðarins, það er félaga sem bera áhættu, miðlara sem upplýsa og koma á samningum og neytenda sem leita verndar gegn ófyrirsjáanlegum áföllum og tjónum sem eiga sér stað í mannlegu samfélagi. Í lögnum er kveðið á um réttindi og skyldur þessarra aðila og hlutverk opinbers eftirlits með því að leikreglur séu vel kynntar og haldnar.

Í frumvarpinu er tekist á við nýja stöðu tryggingamála. Aðgangur að evrópska markaðnum er undirbúinn með viðamiklum ákvæðum um starfsemi erlendra félaga, innan og utan EES. Erlendum félögum á EES verður leyft að bjóða þjónustu án starfsstöðvar hérlandis. Miðlun verður nú aftur heimil eftir áratuga bann við slíkri starfsemi. Neytendavernd er stóraukin og upplýsingaskyldu gert hátt undir höfði.

Með þeim viðamikla undirbúningi sem frumvarpið ber með sér, varðar öllu að lögin nýtist vel.

Það munu þau þó ekki gera að óbreyttu.

Í frumvarpinu er viðskiptahindrun sem kemur í veg fyrir almennan aðgang að margháttæðri þjónustu tryggingafélaga á Evrópsku efnahagssvæði, sem í veigamiklum atriðum er ekki boðin hérlandis.

Hindrunin er í 62.gr. frumvarpsins, en þar segir í fyrsta málslíð: "Lög þess ríkis, þar sem skuldbindingin komst á skulu gilda um líftryggingu." Þar með verða líftryggingarfélög sem vilja skrásetja sig á Íslandi og hefja viðskipti við okkur að ganga undir íslensk lög með samningana.

Hér er ekki átt við lög um váttryggingastarfsemi, heldur lög um váttryggingasamninga sem teljast það samræmanleg, að þeim þarf ekki að breyta vegna EES.

Þetta gæti virst einfalt mál, en svo er ekki. Engin opinber þýðing er til á íslensku samningalögnum. Hið erlenda félag þyrfti að sjá um það sjálft og bera ábyrgð á sínum texta. Þá þyrfti að taka saman alla dóma og annað sem vitnar um hvernig íslenskir dómstólar hafa skilið hvert orð, sem í þeim stendur. Þó fleira mætti nefna er þegar augljóst að vinna sem þessi freistar ekki erlendra félaga til þjónustu við markað sem telur 260.000 sálir.

62. grein frumvarpsins byggir á tilskipun ESB 90 / 619 (2nd Life Directive) 4. gr. sem segir:

"The law applicated to contracts..shall be the law of the Member State."

Og síðan í beinu framhaldi:

"However, where the law of that State so allows, the parties may choose the law of another country."

Núgildandi lög um tryggingastarfsemi gera ráð fyrir slíku frelsi. Nú er semsé verið að halda upp á fjórfrelsið með skerðingu frelsis. Og það í þeim lögum sem eiga að samræma hið frjálsa flæði þjómustu og festa það í sessi!

Sjálfstætt starfandi Íslendingar eru um tveir tugir þúsunda. Einyrkjar passa illa inn í almenna tryggingakerfið íslenska. Vandræðaleg úrvinnsla nýlegs lagaákvæðis um aðgang einyrkja að almennum atvinnuleysisbótum sýnir best hvað hér er um að ræða. Skattamismunun á lífeyrissviðinu er annað dæmi.

Frjálsar tryggingar hjá aldagömlum félögum sem starfa á traustum grunni og þjóna milljónum manna á nýstofnuðu efnahagssvæði eru því vænlegur kostur fyrir þetta fólk.

Sá kostur leysir ennfremur vanda einstaklinga, sem þing og ríki hafa ekki fundið betri ráð við.

Viðskipti erlendis. Þó að 62. gr. verði samþykkt óbreytt, hindrar það ekki alla Íslendinga í að kaupa sér persónutryggingar þar sem þeir kjósa.

Fyrst skal geta undanþágu sem mismunar mönnum eftir búsetu og ríkisfangi. Þar með myndast grátt svæði, sem fyrirsjáanlega verður vandræðalegt í framkvæmd, einkum það ákvæði sem byggist á því "hvar líftryggingartaki býr að jafnaði."

Aðrir geta átt viðskipti við erlenda miðlara, hvað sem lögum líður. Utan EES getur hinn íslenski neytandi samið við hvern sem er, en nýtur þá engrar verndar íslenskra laga um váttryggingastarfsemi. Engin getur svarað því nú, hvort erlendir aðilar á EES taki Íslendinga í viðskipti þrátt fyrir ákvæði 62. gr. þessarra laga. Víst er, að allir sem ferðast og eru í reglulegum samskiptum við útlönd geta bjargað sér sjálfir. Gráa svæðið, undanþágan býður upp á rúma túlkun, eins og orðalagið er í frumvarpinu og opnar fyrir viðskipti við erlenda miðlara og félög, sem engar skyldur bera skv. þeim lögum sem hér eru til umræðu. Hafa þau þá misst marks að því leyti.

Ahrifin munu því einkum verða þau, að neytandinn getur ekki átt viðskipti á íslensku, með aðstoð íslensks miðlara sem hefur viðtækar skyldur og ábyrgð, við erlent félag skrásett hér á landi, og sem opinbert íslenskt eftirlit hefur allar upplýsingar um. Allt þetta í samræmi við hin íslensku lög um váttryggingastarfsemi, sem hér eru til umræðu.

Í þessu sambandi vil ég minna á eftirtalin ákvæði frumvarpsins:

12. grein: Almennar skyldur um góða viðskiptahætti og venjur með hag tryggðra fyrir augum.

55. grein: Opinbert eftirlit með váttryggingarskilmálum, iðgjaldagrundvelli, sölustarfsemi og tjónsuppgjöri.

56-60 gr.: Ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu við neytendur, þar á meðal um rétt til upplýsinga á íslensku.

80-84 gr.: Skyldur tryggingamiðlara, sem starfa eftir íslenskum lögum og eingöngu fyrir skráð og viðurkennd félög, þ.e. skyldur við neytendur.

Ef tilgangur laga um váttryggingarstarfsemi er ekki sá að sjá íslenskum þegnum á EES fyrir þeirri vernd, sem felst í ofangreindu, fyrir hvern er þá verið að setja þessi lög?

Eins má spyrja: Hvaðan kom ákvörðun um að nýta ekki frelsi Íslands, sem veitt er í 4. gr. tilskipunar EES og viðhalda þannig lagaréttindum, sem nú gilda?

Norræn fyrirmynd var nefnd þegar þessi þáttur frumvarpsins var kynntur mér. En nú eru Norðurlönd á leið inn í ESB, gagnstætt okkur. Þó ekki væri, eru þar að jafnaði 25 sinnum fjölmennari þjóðir. Áhrif hindrana eru því væg þar, en hér yrðu þau til lokunar.

Það er engin biðröð eftir aðgangi að íslenska markaðinum. Ef ekki er hægt að hafa hlutina einfalda og aðgengilega, snúa fyrirtækin sér annað og taka fyrir næsta mál.

Ísland gengur í EES til að hafa af því hag. Frjálst flæði þjónustu er eitt af gullnu loforðunum, sem réttlættu ótaldar milljónir króna og gífurlega vinnu við að koma þessum samningi á, bæði hjá því opinbera og út um atvinnulífið allt.

Öllu þessu má svo klúðra með klaufaskap í löggjöf.

Neytendavernd er hið sjálfsagða markmið þessarra laga. Þá skiptir máli að allir neytendur njóti verndar jafnt og að fyrir öllum sé hugsað.

Umrædd hindrun er réttlætt í athugasemdum sem vernd fyrir neytendur og er vísað til kunnugleika almennings á hinum íslensku samningalögum umfram lög annarra þjóða. Slík almenn þekking á samningalögum er hugsanlega ofmetin.

Hver sá Íslendingur, sem ekki óskar að ganga undir erlend samningalög gerir það einfaldlega ekki. Enginn neyðir hann til þess.

Hversvegna þarf þá að setja þeim afarkosti, sem vilja ganga undir erlend lög um váttryggingasamninga, og jafnframt íslensk lög um váttryggingastarfsemi? Mega þeir ekki njóta ríkrar neytendaverndar og hagræðis af nálægð íslenskumælandi miðlara þó þeir meti t.d. aldagamlan, breskan lagabálk um váttryggingasamninga eigi miður en íslensku samningalögin frá 1954? Hefur verið sýnt fram á að samانبurður sé breskum samningalögum mjög í óhag?

Allt sem þarf til að tryggja íslenskum þegnum jafnan aðgang, jafnt hagræði og jafna vernd er að fara sömu leið og gert var með val á tungumáli í sama frumvarpi (sbr. 59-60 gr.). Þar segir:

"skilmálar...skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem váttryggingartaki samþykkir..." o.s.frv. Og að

"heimilt er að veita upplýsingar...á öðru tungumáli en segir í 1. mgr. að fenginni skriflegri beiðni líftryggingartaka."

Þarna er fyrir öllu séð. Vandséð er hver eðlismunur er á þessu tvennu, vali á tungumáli og vali á löggjöf.


Tillaga mín er því sú, að um val á löggjöf gildi ekki strangari reglur en þær sem gilda um val á tungumáli. Verði setningu, sem tryggir hverjum einstaklingi rétt til að taka þá ákvörðun sjálfur með samþykki sínu skotið inn í 62. greinina.

Önnur ákvæði leiðréttist til samræmis.

Tilraun til orðalags að beiðni ráðuneytis í hjál. bréfi frá 17.2.94.

Að lokum: orðið "lögaðili" sem kemur fyrir í 62.gr. og víðar; - þarf að skýra í 7.gr. vegna vafa um nákvæma merkingu.

Með vinsemd og virðingu





ÁRNI REYNISSON

þjónusta við utanríkisviðskipti

Tryggingaráðuneytið,
hr. Jón H. Karlsson,
Laugavegi 115,
Reykjavík.

17.2.94

Tryggingaeftirlitið hefur afhent mér til athugunar nokkrar greinar úr frumvarpi til laga um tryggingastarfsemi sem nú liggur fyrir í ráðuneytinu.

Með vísan til minnisblaðs, dags. 15.2.94, sem ég hef þegar afhent, tel ég nauðsynlegt að lagasetningin miðist við séríslenskar aðstæður og greiðan aðgang Íslendinga að fjölbreyttri tryggingaþjónustu á EES.

Í 62. grein er réttur Íslendinga skertur frá því sem verið hefur. Frelsi til að velja lög annars ríkis en Íslands, þegar líftryggingarsamningur kemst á héraðs, er afnuminn.

Sú vernd, sem neytendum er ætluð með þessu er á kostnað þeirra, sem vilja kaupa þjónustu, sem ekki fæst héraðs eða hefur yfirburði á einhvern hátt. Íslenski markaðurinn er örsmár og alls ekki aðlaðandi fyrir erlend félög. Til að njóta viðtækrar þjónustu þurfum við því á frelsi að halda til að geta gert viðskipti okkar hvar sem er á efnahagssvæðinu.

Áður en þeytta mál kom upp, þurfti að leysa hliðstætt mál, sem varðar tungumálið. Viðurkennt var að ekki megi ætlast til þess að erlend félög séu reiðubúin að skrifa undir samninga á íslensku, en sú krafa var þá inni í samkeppnislögum og eldra frv. um þau lög, sem hér eru til umræðu. Í tillögu frv. um 59. gr. er tryggingartaka gert kleift að velja tungumál í öllum greinum trygginga.

Með stuttum fyrirvara sé ég ekki aðra tillögu betri en að opna ákvæði 62.gr. til samræmis, enda nánast um að ræða tvö horn á sömu geitinni þar sem er ákvörðun neytandans um tungumál og landslög þess fyrirtækis, sem hann ætlar að versla við.

Þá mætti setja eftirfarandi í stað 2. og 3. mgr. : "Vátryggingarsamningar sem einstaklingar eða lögaðilar gera geta þó heyrt undir lög annars lands, sem vátryggingartaki samþykkir."

Eg hef undir höndum eyðublað, sem stórt breskt tryggingafélag notar í slíkum tilfellum, enda mun hér vera um útbreidda starfsaðferð að ræða.

Með vinsemd og virðingu,

TRYGGINGAEFTIRLITIÐ

SUÐURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. SÍMI 685188 FAX 685253

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
b.t. Daggar Pálsdóttur skrifstofustjóra
Laugavegi 116
150 Reykjavík

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Db. 5082	Dags. 31/1'94
Ábm. DP	Trm.
Svarfr.	V/g
Afgr.	Tilv.
Fskj.	

Reykjavík 28. janúar 1994

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar og álits Tryggingaeftirlitsins, á fullyrðingum í bréfi Árna Reynissonar til ráðuneytisins dags. 30. nóvember sl., er hjálagt fylgdi í afriti.

Árni Reynisson telur nauðsynlegt að breyta 3. mgr. 39. gr. frumvarps til laga um váttryggingastarfsemi, þar sem fram kemur að skilmálar váttrygginga sem boðnir eru hér á landi skuli vera á íslensku.

Tryggingaeftirlitið er samnála nauðsyn breytinga á nefndri grein.

Tryggingaeftirlitið hefur, sem kunnugt er, unnið að endurskoðun nefnds frumvarps í heild sinni. Niðurstöðu er að vænta fljótlega.

Tryggingaeftirlitið hefur athugað ýmsa möguleika varðandi skilyrði um tungumál skilmála. Má nefna t.d. það fyrirkomulag, að skilmálar frumtrygginga sem boðnir eru vegna váttryggingaráhættu hér á landi og ekki er stóráhætta, skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem váttryggingartaki samþykkir og gerir honum kleift áður en gengið er frá váttryggingarsamningi, að tileinka sér þau ákvæði skilmálanna sem skipta máli um innihald þeirra, váttryggingarvernd og þau kjör sem í boði eru.

Tryggingaeftirlitið mun á þessu stigi eigi taka sérstaka afstöðu til annarra fullyrðinga Árna Reynissonar er fram koma í nefndu bréfi. Þess ber þó að geta að Tryggingaeftirlitið tekur ekki undir umfjöllun hans um greiðslutryggingar þess efnis, að "engar horfur eru á því að íslenskt félag geti boðið þessa þjónustu."

Tryggingaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað verði þess óskað.

Virðingarfyllst
TRYGGINGAEFTIRLITIÐ


Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri



HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

REYKJAVÍK

Árni Reynisson,
Equinox,
Hverfisgötu 4-6,
Pósthólf 1166,
101 Reykjavík.

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.

500 DP/dp 16. mars 1994.

Ráðuneytið vísar til bréfs dags. 30. desember 1993 þar sem þú óskar eftir heimild til að taka erlendis persónuþryggingar fyrir sjálfan þig.

Erindið var sent Tryggingaæftirlitinu til umsagnar. Umsögn eftirlitsins fylgir hér með í ljósriti. Þar kemur fram að skv. gildandi lögum eru engar takmarkanir hér á landi varðandi rétt manna til að kaupa persónuþryggingar erlendis.

Skv. beiðni fylgir staðfesting þessa hér með á ensku.

F.h.r.

Afrit:
Tryggingaæftirlitið, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.